

Alþingi
Erindi nr. P 138/224
komudagur 23.11.2009

NASDAQ OMXSM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2009
Tilv. 111
ÁSK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 82. mál og frumvarp um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, 89.mál.


Kauphöllin fagnar því að þessi frumvörp hafa verið lögð fram og telur þau til þess að fallin að styrkja starfsemi nýsköpunarfyrirtækja og þá um leið styrkja endurreisn fjármálakerfisins á Íslandi. Kauphöllin bendir þó á tvö atriði sem brýnt er að fái gaumgæfilega skoðun áður en umrætt frumvarp verður afgreitt frá Alþingi. Annað atriðið lýtur að fjárfestavernd og hitt að skilgreiningunni á nýsköpunarfyrirtæki.

Kauphöllin telur að eigi frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki að ná tilgangi sínum þurfi að huga betur að fjárfestavernd. Fjárfestar þarfnast upplýsinga til að geta lagt mat á fjárfestingar. Þetta á ekki síður við um fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum en aðrar fjárfestingar. Í frumvarpinu eru hins vegar engar skyldur til upplýsingagjafar lagðar á herðar þeim fyrirtækjum sem fá staðfestingu Rannís. Þetta er alvarlegur galli enda má ljóst vera af þeim fjárhæðarmörkum sem skattafrádráttur miðast við að sérstaklega er höfðað til almennings í frumvörpunum. Að mati Kauphallarinnar er því brýnt að vönduð upplýsingagjöf fyrirtækja til fjárfesta verði skilyrði fyrir staðfestingu Rannís vegna hlutafjárukningar. Að lágmarki væri æskilegt að fyrirtækin lýstu rekstrinum, skiluðu fjárhagsupplýsingum reglulega og greindu frá öðru því sem verðmótandi gæti talist. Að öðrum kosti er sú hættu fyrir hendi að niðurstaðan verði annað hvort sú að löggin myndi umgjörð um „gráan markað“ með hlutabréf nýsköpunarfyrirtækja, þar sem jafnræðis fjárfesta er ekki gætt, eða að almennir fjárfestar leggi ekki það fjármagn í nýsköpunarfyrirtæki sem vonast er eftir og að löggin verði því nýsköpunarfyrirtækjum ekki sú lyftistöng sem að er stefnt. Í þessu sambandi nægir að nefna einfalt dæmi. Hvernig á með að fara ef stjórnendur nýsköpunarfyrirtækis nýta sér innherjaupplýsingar til að hagnast á kostnað almennra fjárfesta, t. a. m. kaupa út almenna fjárfesta þegar stórkostlegur ávinningur er í þeirra sjónmáli en ekki annarra? Ekki verður annað séð en að slík háttsemi sé lögleg samkvæmt frumvarpinu.

Æskilegt væri því að frumvarpið gerði upplýsingagjöf til fjárfesta að skilyrði fyrir staðfestingu Rannís og tilgreindi leiðir við upplýsingagjöf sem teldust fullnægjandi. T.a.m. væri eðlilegt að ef fyrirtæki væri í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) og uppfyllti þær kröfur sem þar eru gerðar til upplýsingagjafar þá teldist það fullnægjandi. Fyrir smærri fyrirtæki væru markaðstorg á við First North markað Kauphallarinnar hagstæður kostur en þau eru sérsníðin að þörfum smærri fyrirtækja. Eins og fram kom í athugasemdum við frumvarp til breytinga á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, þegar rekstur markaðstorga var fyrst heimilaður, er markaðstorgum ætlað það hlutverk að greiða aðgengi vaxtarfyrirtækja að fjármagni, koma skipulagi á viðskipti sem annars færu fram utan markaða og veita fjárfestum grundvallarvernd. En hvaða farvegur sem valin er fyrir upplýsingagjöfina er lykilatriðið að fjárfestar séu með einum eða öðrum hætti upplýstir með fullnægjandi hætti. Að öllu samanlögðu treystir Kauphöllin sér ekki til að mæla með samþykkt frumvarps sem felur í sér hvatningu til almennings um að fjárfesta í fyrirtækjum nema tryggð verði lágmarksvernd fyrir þá. Lágmarksverndin felur annars vegar í sér vel skilgreinda og skýra upplýsingagjöf um fjárhagslega stöðu fyrirtækisins og hins vegar vernd gagnvart hugsanlegum innherjasvikum.

Hvað varðar skilgreiningu á nýsköpunarfyrirtæki, þá styður Kauphöllin eindregið tillögu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um að frumvarpinu verði breytt í þá veru að einstaklingar geti einnig notið skattaafsláttar fjárfesti þeir í sjóðum eða hlutafélögum sem sérhæfa sig í kaupum á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum. Einnig tekur Kauphöllin undir þau sjónarmið Nýsköpunarsjóðs að tryggja þurfi upplýsingaflæði og gegnsæi, t.a.m. með skráningu slíkra sjóða á verðbréfamarkað.

Virðingarfyllt,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.